



7. mars 2024
Tilv.: 2402158

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefnasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísitölu neysliverðs (vísitala neysliverðs án húsnæðis), 137. mál.

Með tölvupósti, dags. 22. febrúar 2024 sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísitölu neysliverðs nr. 12/1995 með síðari breytingum (vísitala neysliverðs án húsnæðis), 137. mál á 154. löggjafarþingi.

Frumvarp það er hér um ræðir er efnislega óbreytt frá þeim frumvörpum sem lögð voru fram á 153. löggjafarþingi (20. mál) og 152. löggjafarþingi (279. mál), en Seðlabanki Íslands veitti umsagnir um þau frumvörp, dags. 6. desember 2022 og 24. mars 2022 (sjá fylgiskjöl). Báðum umsögnum fylgdu jafnframt umsagnir Seðlabanka Íslands í gegnum tíðina um sams konar eða keimlík mál þar sem afstaða Seðlabankans til húsnæðisliðar vísitölu neysliverðs er tíunduð með vísan til itarefnis í þeim efnum. Hvað varðar þá tillögu að sleppa húsnæðisliðnum við útreikning vísitölu neysliverðs er afstaða Seðlabankans óbreytt frá framangreindum umsögnum og vísast því til þeirra umsagna, ásamt fylgigögnum, hvað varðar sjónarmið Seðlabanka Íslands gagnvart því frumvarpi sem nú er óskað umsagnar um.

Sérstaklega er áréttað, líkt og í fyrri umsögnum, að vísitölu neysliverðs er eðli máls samkvæmt ætlað að mæla og gefa rétta mynd af þróun á verðlagi einkaneyslu. Kostnaður heimila vegna eigin húsnæðis og húsaleigu er stór hluti af útgjöldum þeirra og mikilvægt að grunnur vísitölu neysliverðs endurspegli útgjöld heimila. Jafnframt er áréttað að ekki fæst séð hvernig tillagan geti samrýmst sjálfstæði Hagstofu Íslands til hagamælinga og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í þeim efnum.

Í þessu samhengi er þó rétt að vekja athygli á tilkynningu Hagstofu Íslands, dags. 30. janúar sl., um breytta aðferðafræði við mat á húsnæðislið við útreikning á vísitölu neysliverðs. Í tilkynningu Hagstofunnar kemur fram að stofnunin hafi um nokkurt skeið unnið að endurskoðun aðferða við mat á reiknaðri leigu í vísitölu neysliverðs, en með betri gögnum um húsaleigu hafi nú skapast forsendur til þess að breyta um aðferð. Að mati Hagstofunnar endurspegli aðferð leiguígilda nú betur tilgang mælingarinnar, en aðferðin verður innleidd í vísitöluna á vormánuðum.¹

¹ Sjá nánar á eftirfarandi slóð: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/verdlag/visitala-neysliverds-i-januar-2024/>.

Með vísan til framangreinds, þ.m.t. þeirra sjónarmiða og ítarefnis sem Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri í fyrri umsögnum sínum, leggst Seðlabanki Íslands eindregið gegn þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri

Fylgiskjöl:

- * Umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 24. mars 2022 (152. löggjafarþing, 279. mál), ásamt fylgiskjölum.
- * Umsögn Seðlabanka Íslands, dags. 6. desember 2022 (153. löggjafarþing, 20. mál).

